

Helga Maureen Gylfadóttir
Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Húsakönnun

Samtún – Nóatún – Miðtún –
Hátún – Höfðatún



Reykjavík 2009

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 148

Húsakönnun

Samtún – Nóatún – Miðtún – Hátún – Höfðatún

Staðgreinireitir **1.221.3. 1.221.4. 1.223.0, 1.223.1, 1.235.0 og 1.235.1**

Helga Maureen Gylfadóttir, sagnfræðingur
Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður



Reykjavík 2009

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 148

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
vegna deiliskipulagsvinnu.

Ljósmyndir: Helga Maureen Gylfadóttir, Minjasafni Reykjavíkur.

Kort: Þórarinn Jón Jóhannsson, Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.

Ábyrgðarmaður: Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður.

© Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

Mynd á forsíðu:

Túnin ca. 1946. Ljósmyndari Sigurhans Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, VIG loftmyndir
D 1-2.

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn

Skýrsla nr. 148

Reykjavík 2009

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

1. Húsakönnun

Formáli.....	4
Byggingarsaga.....	5
Varðveislumat.....	16
Kort Húsverndarskrár Reykjavíkur.....	17

2. Húsaskrá – Ítarskráning einstakra húsa

Hátún 13.....	18
Hátún 41.....	19
Hátún 43.....	20
Miðtún 3.....	21
Miðtún 21.....	22
Samtún 42.....	23

3. Húsaskrá

Hátún 1 – 49 (oddatölur)	24
Höfðatún 5 og 9	33
Miðtún 1 – 90 (odda- og sléttar tölur)	34
Nóatún 15 og 18	53
Samtún 2 – 42 (sléttar tölur)	54
Heimildaskrá.....	61
Myndaskrá.....	63

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á staðgreinireitum **1.221.3., 1.221.4., 1.223.0, 1.223.1, 1.235.0 og 1.235.1** í Reykjavík, en svæðið afmarkast af Samtúni, Nóatúni, Miðtúni, Hátúni og Höfðatúni. Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Þessir reitir eru utan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.

Húsin á þessum reitum voru flest byggð á fimmta áratug 20. aldar. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er skoðað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa hefur verið beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey of Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð. Varðveislugildi húsa* byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þýngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016, Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*.

Faglega ráðgjöf við gerð varðveislumatsins veitti Pétur H. Ármannsson arkitekt.

Október 2009,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður
Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.

Byggingarsaga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á staðgreinireitum **1.221.3**, **1.221.4**, **1.223.0**, **1.223.1**, **1.235.0** og **1.235.1** í Reykjavík, sem hlotið hafa verkheitið „Túnin“.

Staðsetning

Svæðið sem er til umfjöllunar skiptist í sex staðgreinireiti eða 3 götureiti. Reitirnir **1.221.3** og **1.221.4** markast af Samtúni, Nóatúni, Miðtúni og Höfðatúni, reitirnir **1.223.0** og **1.223.1** markast af Miðtúni, Nóatúni, Hátúni og Höfðatúni og reitirnir **1.235.0** og **1.235.1** markast af Miðtúni, Hátúni og Nóatúni.



Kort af svæðinu sem er hér til umfjöllunar.¹

Húsagerð og aldur

Á reitunum standa í dag 106 hús og eru 36 þeirra timburhús, 67 steinsteypt og þrjú hlaðin úr holsteini. Samkvæmt fyrstu brunavirðingum voru öll húsin einlyft að upphaflegri gerð. Við gerð þessarar skýrslu fundust engar skjalfestar heimildir um eldri byggð á svæðinu aðra en núverandi og teljast því húsin sem hér eru könnuð öll vera fyrsta kynslóð húsa á lóðunum.

Í húsarannsóknnum á Minjasafni Reykjavíkur er einna helst stuðst við fyrstu brunavirðingu sem heimild um aldur viðkomandi húss, en hús voru að venju ekki brunavirt fyrir en þau voru að mestu fullgerð. Einnig eru dagbækur byggingarfulltrúa gagnlegar heimildir. Við rannsókn á viðkomandi húsum í Túnunum mátti lesa úr dagbókunum hvenær bygging húsanna hófst og síðan hvenær þau voru orðin fokheld. Í langflestum tilfellum voru

¹ Kort Skipulags- og byggingarsviðs apríl 2009. Fylgdi forsögn vegna deiliskipulags svæðisins.

húsin virt innan við tveimur árum eftir að þau voru orðin fokheld. Í þessari rannsókn er haldið þeirri reglu að láta fyrstu brunavirðingu húss gilda sem byggingarár þess. Húsin sem hér um ræðir voru flest byggð á fimmta áratug 20. aldar eða 97 talsins. Á sjötta áratugnum risu níu hús til viðbótar. Elstu húsin sem hér eru til umfjöllunar voru reist árið 1941 og standa við Hátún 3 og 5, Miðtún 2, 5 og 11 og Samtún 2, 14, 16 og 18. Yngsta húsið sem hér er rannsakað var brunavirt árið 1958 við Miðtún 82.



Yfirlitsmynd af Túnahverfinu árið 1960. Horft niður Nóatún. Fyrir miðri mynd má sjá steinsteyptrætóskeyli.²

Hverfið sem hér um ræðir byggðist að mestu upp á fimmta ártug 20. aldar og samanstendur að heildstæðri byggð stakstæðra hús og parhúsa. Húsin eru flest einföld timbur- og steinsteypuhús líkt og algeng voru framundir 1930. Þau eru þó hærri og stærri að grunnfleti en fyrirrennarar þeirra. Einkenni húsanna eru að þau eru lítil og lágreist, látlaus og einföld að frágangi og fyrirkomulagi. Yfirleitt eru þau einlyft eða voru það upphaflega, ýmist með lágu risi eða nýtanlegri rishæð og standa á lágum steinkjallara. Þau eru flest með steinsteypum tröppum að inngangi í stað inngöngskúrs. Timburhúsin á reitunum eru öll múrhúðuð og fá því útlit steinsteypuhúsa.³ Húsin að Hátúni 37, Miðtúni 50 og 52 voru reist á árunum 1944-1946 og eru þau hlaðin úr holsteini. Holstein var farið að verksmiðjuframleiða hér á landi í byrjun 20. aldar. *Pípuverksmiðja Reykjavíkur* sem stofnuð var 1907 (síðar *Pípuverksmiðjan h.f.*) framleiddi m.a. holsteina.⁴

Húsin í Túnunum eru reist á þeim tíma þegar fúnkísstíllinn var að ryðja sér til rúms á Íslandi. Þeir arkitektar sem fylgdu fúnkísstefnunni voru hugsjónamenn sem vildu bæta þjóðfélagið með góðri hönnun og útrýma heilsuspillandi húsnaði. Kenningin á bak við fúnkísstefnuna er sú að formið leiði af hlutverki mannvirkisins eða fúnksjóninni. Útlit húsanna skuli því endurspegla notkun þeirra. Markmið fúnkísmanna var að útrýma óþarfa skrauti og flúri og hafa hreinleika og nýtingu að leiðarljósi. Skilyrði var að einnig væri gert ráð fyrir nægu sólarljósi og útivistarsvæðum við hönnun húsa. Eitt af höfuðeinkennum

² Ljósmyndari Gunnar Rúnar Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, GRÓ 005 114 1-3.

³ Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli austurbærinn*, bls. 52-53 – *Skrá yfir friðuð hús*, bls. 112.

⁴ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleið I*, bls. 329.

Íslenska fúnksjónalismans er hin svokallaða steining, þar sem innlendum jarðefnum eins og hrafntinnu og kvartsi var blandað í múrhúðina.⁵ Einkenni fúnksstefnunnar má sjá í einstökum húsum á reitunum sem hér eru kannaðir. Á flestum lóðanna er að finna bílskúr. Þeir voru flestir byggðir innan fárra ára eftir byggingu íbúðarhúsanna og sumir um leið og þau. Elsti skúrinn var byggður árið 1942 en sá yngsti árið 2003 á lóð Miðtúns 90.

Steyptir garðveggir/girðingar eru einkennandi fyrir lóðirnar í Túnunum og ber að viðhalda þeim eftir fremsta megni. Grindverk og girðingar eru stór hluti af sérkennum eldri hverfa í Reykjavík en steypit grindverk af því tagi sem hér um ræðir voru einkum framleidd á árunum 1955–1965. Fyrirtæki á borð við *Mosaik*, *Steinstólpa* og *Löve-handrið* sérhæfðu sig í framleiðslu þeirra. Walter Jónsson, fyrrum eigandi *Mosaik*, kom til landsins árið 1948 og stofnaði fyrirtækið ásamt föður sínum og bróður árið 1952. Þeir voru fyrstir til að sérhæfa sig í framleiðslu á steypum girðingum í Reykjavík. Þeir teiknuðu munstrin sjálfir, smíðuð mótin og steypu.⁶



Horft frá Laugavegi eftir Hátúni á fimmta áratug 20. aldar.⁷

Af þessu má sjá að helsta einkenni byggðarinnar er heildstæð byggð stakstæðra húsa og parhúsa úr steinsteypu eða timburbindingi með múrhúð frá fimmta og sjötta áratug 20. aldar. Þetta yfirbragð er einkennandi fyrir byggðina í Túnunum og ber að varðveita.

Breytingar

Misjafnt er hve miklar breytingar hafa verið gerðar á húsunum sem hér eru könnuð. Algengasta breyting er sú að bætt hefur verið á þau kvistum eða ris húsanna hækkuð. Stöku gluggabreytingar hafa einnig verið gerðar sem og að nýtt anddyri hefur verið reist við húsín. Flest hafa húsín haldið upprunalegri gerð og megineinkennum. Á áttunda og níunda

⁵ *Leiðsögn um íslenska byggingarlist*, bls. 13-14 – *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna*, bls. 123-124.

⁶ Símaviðtal við Walter Jónsson 29.03.2005.

⁷ Ljósmyndari óþekktur. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, I-1559.

áratugnum var algengt að áður gerðar íbúðir í kjöllum og risum húsanna væru samþykktar af byggingarfulltrúa. Húsunum hefur verið misvel haldið við.⁸

Höfundar

Af þeim 106 húsum sem hér eru til rannsóknar er ekki vitað um höfunda tveggja þeirra, Miðtúns 66 og 68. Flest húsinn hönnuðu húsasmíðameistararnir Hafliði Jóhannsson og Arinbjörn Þorkelsson eða 14 hús hvor. Þeir voru báðir í hópi mótenda steinsteypuklassíkur hér á landi sem hófu fljótlega að einfalda verk sín í anda nýrra strauma í húsagerðarlist. Húsprýðin hvarf og hornluggar fúnkíshúsanna voru nýttir sem og ytri veggáferð.⁹

Hafliði Jóhannsson (1906-1988) húsasmíðameistari er annar afkastamesti hönnuðurinn á reitunum sem hér eru kannaðir. Faðir Hafliða, Jóhann Kr. Hafliðason, var kunnur húsasmíðameistari í Reykjavík og nam Hafliði iðnina hjá honum. Hafliði útskrifaðist úr Iðnskólanum í Reykjavík og varð með árunum mikilvirkur verktaki. Hafliði hafði mikinn áhuga á að læra arkitektúr erlendis en átti ekki kost á því og sótti því framhaldsmenntun hjá Finni Thorlacius og Ríkharði Jónssyni. Einnig heimsótti hann nágrannalöndin og kynnti sér nýjustu strauma í húsagerðarlist.¹⁰

GÖTUHEITI	BYGGINGARÁR	EFNI
Hátún 1	1942	timbur, bindingur
Hátún 7	1942	steinsteypt
Hátún 17	1942	timbur, bindingur
Hátún 27	1943	timbur, bindingur
Hátún 47	1950	steinsteypt
Miðtún 1	1945	steinsteypt
Miðtún 3	1942	steinsteypt
Miðtún 13	1942	steinsteypt
Miðtún 17	1942	timbur, bindingur
Miðtún 26	1942	timbur, bindingur
Miðtún 38	1943	steinsteypt
Miðtún 82	1955	steinsteypt
Miðtún 84	1950	steinsteypt
Nóatún 15	1945	steinsteypt

Listi yfir hús Hafliða Jóhannssonar húsasmíðameistara á þeim reitum sem hér eru til umfjöllunar.

Næstur Hafliða í fjölda húsa á reitunum er Arinbjörn Þorkelsson (1901-1982) húsasmíðameistari en hann teiknaði 14 af þeim húsum sem hér eru könnuð.¹¹ Arinbjörn ólst upp í Skaftafellssýslu en flutti til Reykjavíkur árið 1920 þar sem hann hóf fljótlega nám í húsasmíði hjá Árna Erasmussyni. Að loknu námi starfaði hann að húsasmíðum í fjölda ára og öðlaðist meistararéttindi í greininni. Fyrsta stóra verk sem hann tók að sér eftir að hafa öðlast réttindi var bygging Laugarvatnsskóla og þar næst Mjólkurbú Flóamanna. Arinbjörn lærði

⁸ Borgarskjalasafn: Aðf. 751-757. Brunatrygging húsa 1896-1943 – Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Hátún 1-49 (oddatölur), Höfðatún 5 og 9, Miðtún 1-90 (odda- og sléttar tölur), Nóatún 15 og 18 og Samtún 2-42 (sléttar tölur).

⁹ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð* I, bls. 361 og 366.

¹⁰ *Morgunblaðið* 24. ágúst 1988, bls. 36.

¹¹ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð* I, bls. 333 og 344.

húsateikningar hjá Þorleifi Eyjólfssyni og voru þær aðalstarf hans síðari árin. Hann starfaði einnig á teiknistofu Sigmundar Halldórssonar húsameistara á annað ár.¹²

GÖTUHEITI	BYGGINGARÁR	EFNI
Hátún 9	1943	timbur, bindingur
Hátún 13	1942	timbur, bindingur
Hátún 19	1942	steinsteyp
Hátún 33	1945	steinsteyp
Miðtún 6	1944	steinsteyp
Miðtún 8	1942	steinsteyp
Miðtún 34	1943	steinsteyp
Miðtún 40	1943	steinsteyp
Miðtún 42	1943	steinsteyp
Miðtún 44	1943	steinsteyp
Miðtún 50	1944	hlaðið úr holsteini
Miðtún 52	1944	hlaðið úr holsteini
Nóatún 18	1942	timbur, bindingur
Samtún 18	1941	timbur, bindingur

Listi yfir hús Arinbjarnar Þorkelssonar húsasmíðameistara á þeim reitum sem hér eru til umfjöllunar.

Sigmundur Halldórsson (1898-1964) arkitekt hannaði 10 af þeim húsum sem hér eru til umfjöllunar. Sigmundur var búfræðingur að mennt en tók sveinspróf í húsasmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1922. Á árunum 1922-1928 stundaði hann nám við *Det Tekniske Selskabs Skole* og eftir útskrift þaðan sótti hann tíma í Fagurlistaskólanum í Kaupmannahöfn. Sigmundur rak teiknistofu í Reykjavík fram til 1950 (um hríða með Einari Sveinssyni arkitekt) en varð byggingarfulltrúi borgarinnar frá 1957 til dánardægs.¹³

GÖTUHEITI	BYGGINGARÁR	EFNI
Hátún 5	1941	steinsteyp
Hátún 35	1942	steinsteyp
Hátún 45	1949	steinsteyp
Miðtún 21	1943	steinsteyp
Miðtún 36	1942	steinsteyp
Miðtún 46	1946	steinsteyp
Miðtún 80	1949	steinsteyp
Miðtún 86	1951	steinsteyp
Miðtún 90	1952	steinsteyp
Samtún 28	1945	timbur, bindingur


Listi yfir hús Sigmundar Halldórssonar arkitekts á þeim reitum sem hér eru til umfjöllunar.

Aðrir höfundar húsa á reitunum eru sem hér segir. Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari teiknaði níu húsanna. Einar Sveinsson arkitekt hannaði ásamt Bárði Ísleifssyni arkitekt átta hús en teiknaði tvö hús sjálfstætt. Arkitektarnir Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson teiknuðu fimm hús í sameiningu og eitt til viðbótar í samvinnu við Kjartan Sigurðsson arkitekt. Auk þess hönnuðu Gísli og Kjartan eitt viðbótar í sameiningu.


¹² *Morgunblaðið* 10. ágúst 1982, bls. 39 og *Morgunblaðið* 11. janúar 1981, bls. 32.

¹³ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð* I, bls. 361.

Þórður Jasonarson byggingarmeistari teiknaði fimm hús og Þór Sandholt arkitekt og Hannes Arnórsson þrjú hús hver. Tómas Vigfússon húsasmiður, Tómas Tómasson forstjóri og félagi í Iðnaðarmannafélagi Reykjavíkur, Björn Rögnvaldsson forsmiður, Már Ríkharðsson og Jóhann Fr. Kristjánsson húsasmiður teiknuðu allir tvö hús hver á reitunum. Af þeim átján húsum sem eftir standa komu jafnmargir hönnuðir að gerð þeirra þar á meðal arkitektarnir Steinar Guðmundsson, Gunnar Ólafsson, Einar Erlendsson og Halldór H. Jónsson. Í húsaskránni sem hér fylgir er sérstaklega getið þriggja húsa; Hátúns 41 og 43 og Samtúns 42. Þessi þrjú hús þykja merk höfundardæmi en þó sérstaklega húsið að Hátúni 41 eftir Steinar Guðmundsson byggingafræðings sem er vel varðveitt dæmi um verk merkilegs en lítt þekktis hönnuðar. Einnig eru tekin dæmi um hús sem hafa haldist að mestu óbreytt frá byggingu þeirra.



Hátún 41 eftir Steinar Guðmundsson.



Hátún 43 eftir Gunnar Ólafsson.¹⁴

Saga svæðisins

Það svæði sem hér er til umfjöllunar var á 19. öld á jaðri meginbyggðarinnar í Reykjavík. Svæðið fellur utan við kort af Reykjavík sem Benedikt Gröndal gerði eftir mælingum Sveins Sveinssonar búfræðings árið 1876 en það náði ekki lengra en að *Rauðará*. Jörðin *Rauðará* er talin hafa byggst snemma úr landi Víkur. Jörðin var orðin eign Viðeyjar-klausturs einhvern tíma á árunum 1378–1395 en eftir siðaskipin varð jörðin konungseign. Árið 1835 var *Rauðará* lögð undir Reykjavíkurkaupstað en bæjarstjórnin keypti hana um 1885. Vilhjálmur Bjarnson keypti jörðina árið 1893 og breytti henni í stórbýli.¹⁵


Þegar Vilhjálmur og kona hans Sigríður Þorláksdóttir komu að *Rauðará* var þar lítið steinhús. Bak við það var gamall bær þar sem bjuggu öldruð hjón. Í kringum túnið voru grjótholt, móar og mýrardrög. Norðan við það var *Goshóll* þar sem var grásteinsnáma og fyrir neðan hólinn var *Gvendarbrunnur* og spratt þar upp ágætt drykkjarvatn. *Rauðará* átti mótak austur í mýri þar sem nú er *Nóatún*. Af bæjarhlaðinu mátti sjá stök hús og smábýli á dreif í átt til bæjarins. Talsvert sunnar lá leiðin ofan úr sveitum til Reykjavíkur en annar vegur lá frá bænum meðfram sjónum inn að *Rauðará* og *Laugarnesi*.¹⁶ Þorlákur, sonur Vilhjalms, tók við búinu á *Rauðará*. Í hans tíð tók borgin að sækja mjög að *Rauðará*. Byggðin færðist ört inn og austur og svo kom að Reykjavík sótti fast skika undir götur og hús. Eftir að búskap lauk að *Rauðará* voru húsin tekin til annarra þarfa en þau voru svo rifin um 1970 þegar hús Frímúrarareglunnar og bílastæði voru reist á lóð þeirra.¹⁷

¹⁴ Byggingafulltrúi í Reykjavík: Innlagðar teikningar.

¹⁵ Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, R-Ö, bls. 5-7.

¹⁶ Gunnar M. Magnúss: *1001 nótt Reykjavíkur*, bls. 14.

¹⁷ Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, R-Ö, bls. 7.



Svæðið á korti frá 1910 og er þá allt óbyggt. Efst vinstra megin má sjá Höfða.¹⁸

Reykvíkingum fjölgað um 35 þúsund á fimmta og sjötta áratug 20. aldar og var þörfin mikil fyrir íbúðarhúsnæði. Á árunum 1940 – 1960 reis hvert nýtt hverfi á fætur öðru utan Hringbrautar.¹⁹ Þessi nýju hverfi voru vel afmörkuð og á stærð við kaupstaði víða um land.²⁰



Loftmynd af svæðinu ca. 1946. Uppbygging Túnanna vel á veg komin. Bráðabirgðaíbúðirnar í Höfðaborg eru fyrir neðan Túnin en þau hús voru reist árið 1942. Braggahverfi þar sem nú er hin svokallaði Borgartúnsreitir.²¹

¹⁸ Reykjavík 1910 eftir Samúel Eggertsson. Mælingadeild Reykjavíkurborgar.

¹⁹ Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*, fyrri hluti, bls. 225.

²⁰ Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*, fyrri hluti, bls. 227.

reist einlyft hús, einstæð, tvístæð eða samstæð. Einnig voru algeng hin svokölluðu „smáíbúðahúsin“ sem voru með ýmsu fyrirkomulagi og líka fjórlyft fjölbýlishús.²⁶

Einn af frumbyggjum í Túnunum var Eggert Guðmundsson (1906 – 1983) listmálari. Hann stundaði meðal annars nám í Þýskalandi en kom heim með Esjunni árið 1940, hinni svokölluðu Petsamóför. Erfiðlega gekk fyrir Eggert og fjölskyldu hans að finna sér hentugt húsnæði eftir heimkomuna og að endingu ákváðu þau að reisa sér hús. Eggert segir svo frá byggingu húss síns, Hátúni 11, í viðtali í Morgunblaðinu árið 1982:

„Þá var ég ákveðinn í að reisa mér mitt eigið hús. Og það gerði ég, hér í Hátúni 11, þar sem ég hef haft mína vinnustofu síðan og átt mér heimili. Ég reisti þetta hús algerlega uppá eigin spýtur, ég gróf fyrir því sjálfur, ég steypiti allan grunninn sjálfur, ég tók réttstöðumælingar sjálfur – og eyddi heilu ári í þetta hús. Vann að jafnaði svona 17 – 18 stundir á sólarhring. Það er hægt að gera mikið ef maður nennir að vinna. Ég gat flutt inn í húsið að ári og haldið þar sýningu.“²⁷

Í *Alþýðublaðinu* var sagt frá fyrstu sýningu Eggerts í Hátúni 11 en hún var haldin í maí 1944. Sýningin fór fram í vinnustofu listamannsins og seldust á fyrsta degi 17 myndir. Húsið vakti sérstaka athygli blaðamannsins en samkvæmt frásögn Eggerts tók bygging hússins tæp tvö ár. Í greininni er einnig fjallað um garðinn í kringum húsið sem þykir sérlega smekklegur. Í honum er sólbyrgi og ofurlítill steyptr þró fyllt með vatni. Segir listamaðurinn frá því að vegfarendur eigi það til að kasta smápening í gjána og ætlar hann sér að safna þessum aurum saman og gefa til góðgerðarmála.²⁸



Eggert Guðmundsson listmálari í vinnustofu sinni í Hátúni 11 árið 1946.²⁹

²⁶ Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*, fyrri hluti, bls. 323.

²⁷ *Morgunblaðið* 3. janúar 1982, bls. 11.

²⁸ *Alþýðublaðið* 23. maí 1944, bls. 2.

²⁹ *Alþýðublaðið* 19. maí 1946, bls. 2.

Nafngiftir gatnanna

Fram á fyrstu áratugi 20. aldar tíðkaðist að ný götunöfn í Reykjavík væru dregin af staðháttum eða nöfnum býla. Þegar Reykjavík tók að þenjast út mynduðust margar nýjar götur samtímis og dugði gamla aðferðin þá ekki lengur. Það varð þá úr að í heilum hverfum skyldu vera götunöfn sem minntu hvert á annað. Þá voru felldar niður endingarnar gata, stígur eða stræti. Ákveðið var að hafa sömu endingu á öllum nöfnum í hverju hverfi en með forskeytum sem væru innbyrðis skyld.³⁰ Það var árið 1940 sem nöfnin fyrir göturnar í Túnunum voru samþykkt í byggingarnefnd bæjarins samkvæmt tillögum nafnanefndar. Í þeirri nefnd sátu Sigurður Nordal, Ólafur Lárusson og Pjetur Sigurðsson.³¹



Horft niður Höfðatúnið árið 1942.³²

Hátún

Hátún er algengt bæjarnafn á Íslandi. Er þetta sú gata sem liggur hæst í Túnunum. Nafn götunnar var samþykkt árið 1940.

Höfðatún

Gatan dregur nafn sitt af húsinu Höfða við Borgartún. Einar Benediktsson skáld og athafnamaður bjó um skeið í húsinu og nefndi það Héðinshöfða en í Héðinshöfða í Þingeyjarsýslu bjó Einar á sínum yngri árum með föður sínum. Nafn götunnar var samþykkt árið 1940.

Miðtún

Gatan liggur eftir miðju hverfinu og dregur eflaust heiti sitt af því. Nafn götunnar var samþykkt árið 1940.

Nóatún

Í Snorra-Eddu er sagt frá bústað Njarðar sem ber heitið Nóatún og er nafn götunnar dregið af þessu heiti. Nafn götunnar var samþykkt árið 1940.³³

³⁰ Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“, bls. 279-280.

³¹ *Morgunblaðið* 6. desember 1940, bls. 6.

³² Ljósmyndari Sigurhans Vignir. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, I-1545.

³³ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. H – P, bls. 193.

Samtún

Samtún er þekkt bæjarheiti hér á landi. Nafn götunnar var samþykkt árið 1940.



Yfirlitsmynd af Túnahverfinu árið 1960. Fremstu húsin eru Hátún 9, 11, 13 og 15. Í fjarska má sjá Höfða og Höfðaborg.³⁴

³⁴ Ljósmyndari Gunnar Rúnar Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, GRÓ 005 114 2-1.

Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey of Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð*. Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þýngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016, Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*.

Til umfjöllunar eru staðgreinireitir **1.221.3, 1.221.4, 1.223.0, 1.223.1, 1.235.0 og 1.235.1** í Reykjavík sem afmarkast af Samtúni, Nóatúni, Miðtúni, Hátúni og Höfðatúni. Í þessu varðveislumati er lagt til að húsin njóti svæðisverndunar í milligulum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Einnig að húsið Hátún 41 njóti verndar í grænum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur.

HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR.

Varðveislumat húsa á ofangreindum staðgreinireitum:

Lagt er til að húsin á staðgreinireitum **1.221.3, 1.221.4, 1.223.0, 1.223.1, 1.235.0 og 1.235.1** njóti svæðisverndunar í milligulum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur.

MILLIGULUR FLOKKUR: Verndun svæða. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, til dæmis þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð (til dæmis múrlitur) húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi og er lagt til að þeir verði varðveittir.

Samtún – Nóatún – Miðtún – Hátún – Höfðatún

Heilsteypt og rótgróin byggð stakstæðra og samstæðra íbúðarhúsa frá 5. áratug 20. aldar. Byggðin endurspeglar skipulagshugmyndir Einars Sveinssonar arkitekts frá 4. áratug 20. aldar. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild. Umhverfi þess hefur tekið miklum breytingum og í nágrenni eru byggingar á alla vegu í mun stærri sniðum. Mikilvægt er að tryggja heilstæða vernd á yfirbragði byggðarinnar og mælikvarða í deiliskipulagi.


GRÆNN FLOKKUR: Verndun 20. aldar bygginga. Hús með listrænt gildi, 30 ára og eldri, höfundardæmi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga

Hátún 41

Húsið er vel varðveitt dæmi um verk merkilegs en lítt þekktis hönnuðar. Steinar Guðmundsson arkitekt (1907 – 1964) lést langt fyrir aldur fram. Hann starfaði hjá Húsameistara ríkisins, mest að hönnun Kennaraskólans við Stakkahlíð. Húsið að Hátúni 41 er einstakt hús á landsvísu, langt á undan sinni samtíð og afar framúrstefnulegt. Sérstök alúð lögð í öll útfærsluatriði, innan húss sem utan.


Lagt er til að húsið verði sett í grænan flokk, verndun 20. aldar bygginga.

HÚSVERNDARKORT REYKJAVÍKUR



Húsaskrá

Fyrsti eigandi Bjarni Ólafsson

Hönnun Arinbjörn Þorkelsson
húsasmíðameistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund Timbur, bindingur
 Klæðning Skeljasandur
 Þakgerð
 Þakklæðning Bárujárn
 Undirstöður

Útlit

Einlyft
 Ris
 Kjallari
 Útskot
 Svalir
 Úttröppur

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið var reist árið 1942. Það er einlyft íbúðarhús úr bindingi með svölum, risi og kjallara. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi og þakið klætt með bárujárn. Veggvalir eru út frá húsinu með steinsteyputröppum niður í baklóð þess. Anddyriströppur úr steinsteypu eru við framhlíð hússins. Undir þeim eru tveir geymsluklefar.

Samkvæmt fyrstu virðingu voru á aðalhæðinni þrjú íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, fatakrókur, anddyri og forstofa. Í kjallaranum voru þrjú íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, tveir geymsluklefar, miðstöðvarherbergi, anddyri og tveir gangar.

Árið 1961 var reistur bílskúr á lóðinni.

Húsið að Hátúni 13 er dæmi um verk Arinbjarnar Þorkelssonar húsasmíðameistara. Það er að mestu óbreytt frá byggingu þess og gott dæmi um þá húsagerð sem er að finna í Túnunum.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt múrhúðað timburhús.


Menningarsögulegt gildi: Hluti af upphaflegri byggð á svæðinu.

Umhverfisgildi: Húsið hefur gildi fyrir yfirbragð byggðarinnar.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti svæðisverndunar í milligulum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Kristján Guðmundsson

Hönnun Steinar Guðmundsson
byggingafræðingurUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrhúðað
Þakgerð	
Þakklæðning	Asbest
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útskot

Helstu breytingar

1954	Útlitsbreyting
1983	Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Steinar Guðmundsson	bygg.fr
Málfríður Kristjánsdóttir	arkitekt

Saga

Byggingarleyfi var veitt árið 1944 fyrir einlyftu íbúðarhúsi úr steinsteypu sem og bílskúr á lóðinni. Húsið var tekið fyrst til virðingar árið 1955. Samkvæmt dagbók Byggingarfulltrúa var húsið reist á árunum 1945-1946. Árið 1946 var veitt leyfi til að breyta gluggum hússins sem var þá í smíðum. Árið 1954 var veitt leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu.

Samkvæmt fyrstu virðingu var húsið einlyft steinsteypuhús með risi, kjallara, svölum og viðbyggingu, múrhúðað utan og þakið klætt með asbesti. Á hæðinni voru fjögur íbúðarherbergi, eldhús, borðkrókur, baðherbergi, anddyri, innri forstofa, stigahús, og innb. skápar. Á þakhæð voru þrjú íbúðarherbergi, eldhús, borðkrókur, baðherbergi, innb. skápar, stigahús og innri forstofa. Í kjallara var þvottahús, kyndiklefi, vinnustofa og tvær geymslur. Í sömu virðingu var einnig virtur nýr bílskúr sem var áfastur við húsið. Hann er steinsteyptur í hól og gólf og slétt húðaður að utan.

Árið 1983 var veitt leyfi til að breyta þaki hússins og það hækkað um 20 cm. Einnig var skipt um þakefni, vindskeiðar breikkaðar, reykháfur á miðju húsinu tekinn í burtu og þakgluggum á suðurhlíð fækkað úr tveimur í einn.

Þetta er hús í skandínavískum stíl með vel útfærðum smáatriðum.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Skandínavískur mórernismi.

Menningarsögulegt gildi: Gott höfundarverk. Stíl hússins afar framúrstefnulegur og á undan sinni samtíð.

Umhverfisgildi: Húsið hefur gildi fyrir yfirbragð byggðarinnar.


Upprunaleg gerð: Þaki hússins hefur verið breytt.

Varðveislugildi: **Lagt er til að húsið njóti verndar í grænum flokki, verndun 20. aldar bygginga, skv. Húsverndarskrá Reykjavíkur.**
Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti svæðisverndunar í milligulum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur.

Fyrsti eigandi Gunnar Ólafsson
arkitekt

Hönnun Gunnar Ólafsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrhúðað
Þakgerð
Þakklæðning Hellur
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Kvistir
Svalir

Helstu breytingar

1959 Hækkun
1990 Íbúð í kjallara sp.

Hönnuðir breytinga

Gunnar Ólafsson arkitekt
Halldór Guðmundsson

Saga

Byggingarleyfi fyrir einlyftu íbúðarhúsi úr steinsteypu og bílskúr á lóðinni var veitt árið 1947. Árið 1952 var samþykkt að setja kvist á húsið. Árið 1954 var veitt leyfi öðru sinni fyrir bílskúr á lóðinni. Árið 1957 var veitt leyfi til að breyta rishæð hússins.

Húsið var tekið fyrst til virðingar árið 1958 (samkvæmt dagbók Byggingarfulltrúa var húsið reist á árunum 1948-1950). Það var einlyft íbúðarhús úr steinsteypu með risi, kjallara, svölum og einum gluggakvisti. Húsið var múrhúðað utan og þakið klætt helluskífum. Á fyrstu hæð voru þrjú íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, anddyri og innri forstofa. Samkvæmt fyrstu virðingu var þakhæðin óinnréttuð. Í kjallarnum voru tvö íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, anddyri og innri forstofa. Einnig var við húsið bílskúr hlaðinn úr vikursteini, múrhúðaður utan og með þaki klæddu járn. Húsið var virt á ný árið 1959 og hafði þá þakhæðin verið hækkuð og þar innréttuð íbúðarherbergi.

Árið 1977 var veitt leyfi til að setja tröppur frá svölum og byggja skjólvegg úr timbri á lóðinni. Það leyfi var síðan afturkallað. Árið 1990 var samþykkt áður gerð íbúð og breytingar í kjallara hússins.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Fúnkísstíll.


Menningarsögulegt gildi: Eigið hús höfundar.

Umhverfisgildi: Húsið hefur gildi fyrir yfirbragð byggðarinnar.

Upprunaleg gerð: Húsið hefur verið hækkað.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti svæðisverndunar í milligulum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.**

Fyrsti eigandi Helga Einarsdóttir

Hönnun Hafliði Jóhannsson
húsasmíðameistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Skeljasandur
Þakgerð
Þakklæðning Bárujárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útskot
Úttröppur

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið var reist árið 1942. Þetta er einlyft íbúðarhús úr steinsteypu með járnþaki og múrhúðað utan með skeljasandi. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er geymsluherbergi.

Samkvæmt fyrstu virðingu voru á aðal hæðinni fjögur íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, þrjú fastir skápar, anddyri, forstofa og stigagangur til kjallarans. Í kjallaranum voru tvö íbúðarherbergi, eldhús, bað, tvö geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og tveir gangar.

Húsið var virt á ný árið 1947 og var þá óbreytt. Árið 1968 var reistur bílskúr á lóðinni.

Húsið að Miðtúni 3 er dæmi um verk Hafliða Jóhannssonar húsasmíðameistara. Það er að mestu óbreytt frá byggingu þess og gott dæmi um þá húsagerð sem er að finna í Túnunum.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt steinsteypuhús.


Menningarsögulegt gildi: Hluti af upphaflegri byggð á svæðinu.

Umhverfisgildi: Húsið hefur gildi fyrir yfirbragð byggðarinnar.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti svæðisverndunar í milligulum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Jórunn Grímsdóttir (og

Hönnun Sigmundur Halldórsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrhúðað
Þakgerð
Þakklæðning Asbest
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Svalir
Útskot
Úttröppur

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Húsið var reist árið 1943. Það er einlyft íbúðarhús úr steinsteypu með risi og kjallara. Húsið er múrhúðað að utan og þakið klætt með asbesti. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim geymsla.

Samkvæmt fyrstu virðingu voru á aðal hæðinni þrjú íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, anddyri og gangur. Í kjallarnum voru tvö íbúðarherbergi, eldhús, salerni, geymsluherbergi, þvotta- og miðstöðvarherbergi, stigagangur, anddyri og tveir gangar.

Húsið að Miðtúni 3 er dæmi um verk Sigmundar Halldórssonar arkitekts. Það er að mestu óbreytt frá byggingu þess og gott dæmi um þá húsagerð sem er að finna í Túnunum.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt steinsteypuhús.

Menningarsögulegt gildi: Hluti af upphaflegri byggð á svæðinu.

Umhverfisgildi: Húsið hefur gildi fyrir yfirbragð byggðarinnar.


Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti svæðisverndunar í milligulum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steiptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Grímur Þorkelsson
stýrimaður

Hönnun Einar Sveinsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Skeljasandur
Þakgerð
Þakklæðning Asbest
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Svalir
Útitröppur

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið var byggt árið 1943. Húsið var tekið fyrst til virðingar árið 1942. Það var einlyft íbúðarhús úr steinsteypu með svölum, risi og kjallara. Húsið var múrhúðað utan með skeljasandi og þakið klætt með bárujárni. Á aðalhæðinni voru fjögur íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, fataskápur, forstofa og anddyri. Í kjallaranum voru þrjú íbúðarherbergi, þvottahús, tvö geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, salerni, anddyri og gangur. Veggfallur var við húsið og steinsteyputröppur og undir þeim er geymsluherbergi.

Árið 1991 var veitt leyfi fyrir bílskúr á lóðinni. Árið 2002 var samþykkt að hækka ris, byggja kvisti og svalir og taka í notkun rishæð hússins en var ekki framkvæmt.

Húsið Samtún 42 er að mestu óbreytt frá byggingu þess og gott dæmi um þá húsagerð sem er að finna í Túnunum.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Fúnkísstíll.

Menningarsögulegt gildi: Höfundarverk. Dæmi um upphaflega húsagerð í Túnunum.

Umhverfisgildi: Húsið hefur gildi fyrir yfirbragð byggðarinnar.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti svæðisverndunar í milligulum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Húsaskrá Minjasafns Reykjavíkur

Hátún 1



Byggt 1942

Fyrsti eigandi Kristján Skagfjörð

Hönnuður Hafliði Jóhannsson

Tegund Timbur, bindingur

Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár Lýsing
1997 Útlitsbreyting

Hönnuðir
Sigurður Kjartansson

Aðrar byggingar á lóð

1945	bílskúr	Hafliði Jóhannsson
1950	bílskúr	Arinbjörn Þorkelsson

Hátún 3



Byggt 1941

Fyrsti eigandi Jón Rögnvaldsson

Hönnuður Einar Sveinsson

Tegund Steinsteipt

Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár Lýsing
1953 Kvistur
1953 Hækkun

Hönnuðir
Ásmundur Ólason
Ásmundur Ólason

Aðrar byggingar á lóð

1956	bílskúr	Ásmundur Ólason
------	---------	-----------------

Hátún 5



Byggt 1941

Fyrsti eigandi Kristján E. Oddsson

Hönnuður Sigmundur Halldórsson

Tegund Steinsteipt

Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár Lýsing
1980 Hækkun
1980 Kvistur
1989 Íbúð í kjallara sp.

Hönnuðir
Njáll Guðmundsson
Njáll Guðmundsson
Jón Guðmundsson

Aðrar byggingar á lóð

1957	bílskúr	Hafliði Jóhannsson
------	---------	--------------------

Húsaskrá Minjasafns Reykjavíkur

Hátún 7



Byggt 1942
Fyrsti eigandi Jóhann Hafliðason (og fleiri)
Hönnuður Hafliði Jóhannsson
Tegund Steinsteyp
Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár	Lýsing
1965	Hækkun
1965	Anddyri
1965	Kvistur
1980	Íbúð í kjallara sp.

Hönnuðir

Hafliði Jóhannsson
Hafliði Jóhannsson
Hafliði Jóhannsson
Hafliði Jóhannsson

Aðrar byggingar á lóð

1965 bilskúr Hafliði Jóhannsson

Hátún 9



Byggt 1943
Fyrsti eigandi Guðmundur R. Einarsson
Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson
Tegund Timbur, bindingur
Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár	Lýsing
1986	Sólskáli

Hönnuðir

Ásbjörn Þorvarðarson

Aðrar byggingar á lóð

1945 bilskúr Arinbjörn Þorkelsson

Hátún 11



Byggt 1943
Fyrsti eigandi Eggert Guðmundsson
Hönnuður Þór Sandholt
Tegund Steinsteyp
Upph. notkun Íbúðarhús m/ listmálarast.

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár	Lýsing
1950	Kvistur
1969	Kvistur

Hönnuðir

Þór Sandholt
Ásmundur Ólason

Aðrar byggingar á lóð

1947 bilskúr Þór Sandholt

Húsaskrá Minjasafns Reykjavíkur



Hátún 13

Byggt 1942

Fyrsti eigandi Bjarni Ólafsson

Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson

Tegund Timbur, bindingur

Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár Lýsing

Hönnuðir

Aðrar byggingar á lóð

1961 bilskúr Yngvi Gestsson

Hátún 15

Byggt 1942

Fyrsti eigandi Hjörtur Sandholt

Hönnuður Bárður Ísleifsson

Tegund Steinsteyp

Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár Lýsing

1977 Kvistur

1990 Sólskáli

Hönnuðir

Magnús Jónsson

Halldór Gíslason

Aðrar byggingar á lóð

1981 bilskúr Magnús Ingi Ingvarsson

Hátún 17

Byggt 1942

Fyrsti eigandi Guðjón Guðlaugsson

Hönnuður Hafliði Jóhannsson

Tegund Timbur, bindingur

Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár Lýsing

? Gluggabreyting

1988 Garðhús

Hönnuðir

ARKO

Aðrar byggingar á lóð

Húsaskrá Minjasafns Reykjavíkur

Hátún 19



Byggt 1942

Fyrsti eigandi Ásgeir Sigurðsson

Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson

Tegund Steinsteipt

Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár	Lýsing
1953	Hækkun
1953	Kvistur
1983	Íbúð í kjallara sp.

Hönnuðir
Sigmundur Halldórsson
Sigmundur Halldórsson
Magni Baldursson

Aðrar byggingar á lóð

1949 bilskúr Arinbjörn Þorkelsson

Hátún 21



Byggt 1943

Fyrsti eigandi Ari Gíslason

Hönnuður Einar Sveinsson og
Bárður Ísleifsson

Tegund Steinsteipt

Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti


Helstu breytingar

Ár	Lýsing
1946	Íbúðarskúr/bilskúr
1961	Útlitsbreyting
1995	Íbúð í kjallara sp.
1998	Ný klæðning bílageymsl.

Hönnuðir
Bárður Ísleifsson
Björgvin R. Hjálmarsson
Ágúst Þórðarson
Ágúst Þórðarson

Aðrar byggingar á lóð

Hátún 23



Byggt 1945

Fyrsti eigandi Gísli Jónsson

Hönnuður Einar Eiríksson

Tegund Steinsteipt

Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár	Lýsing
1994	Hækkun
1994	Kvistur
2003	Íbúð í kjallara sp.
2003	Svalir stækkun

Hönnuðir

Aðrar byggingar á lóð

1943 bilskúr Eiríkur Einarsson

Húsaskrá Minjasafns Reykjavíkur

Hátún 25

Byggt 1942

Fyrsti eigandi Gústav Hákonarson

Hönnuður Þórður Jasonarson

Tegund Steinsteyp

Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár Lýsing

Hönnuðir



Aðrar byggingar á lóð

1944 bilskúr Hafliði Jóhannsson

Hátún 27

Byggt 1943

Fyrsti eigandi Skúli Þorkelsson

Hönnuður Hafliði Jóhannsson

Tegund Timbur, bindingur

Upph. notkun Íbúðarhús

Eldra heiti

Helstu breytingar

Ár Lýsing

1957 Kvistur

1969 Anddyri

1995 Íbúð í kjallara sp.

Hönnuðir

Hafliði Jóhannsson

Hafliði Jóhannsson

Þórarinn Þórarinnsson



Aðrar byggingar á lóð

1950 bilskúr Sigvaldi Thordarson

Hátún 29

Byggt 1943

Fyrsti eigandi Helgi Kristjánsson

Hönnuður Þórður Jasonarson

Tegund Steinsteyp

Upph. notkun Íbúðarhús

